

L Ö G

um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem rikissjóður
selur innanlands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisskuldabréf og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXIII fjárlaga fyrir árið 1974, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtals-
skyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skulda-
bréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXVI fjárlaga fyrir
árið 1974, skulu lúta ákvæðum laga nr. 99/1971 um framtalsfrelsi, skattfrelsi, verð-
tryggingu og aðra skilmála, eftir því sem við getur átt. Fjármálaráðherra ákveður
fjárhæð vinninga í hverjum flokki og setur reglugerðir um einstaka flokka með
nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd fjárlagaheimilda
og laga þessara.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. skulu, eftir því sem við getur átt, eiga við nýjar útgáfur ríkis-
skuldabréfa, spariskírteina og happdrættisskuldabréfa rikissjóðs, sem út kunna að
verða gefin á grundvelli heimilda í fjárlögum eða öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. mars 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.